

Töfluútskriftir:

Grunngjald kr. 500

Hvert viðbótarblað kr. 50

Aðrir gjaldmiðlar í hlutfalli við gengi hvers tíma.

8. gr.

Óheimilt er með hvaða hætti sem er að birta og endurprenta þau gögn sem látin eru í té skv. gjaldskrá þessari nema fyrir liggi heimild Veðurstofu Íslands.

9. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. laga nr. 30/1985, um Veðurstofu Íslands öðlast gildi 1. ágúst 1994. Þá fellur úr gildi gjaldskrá nr. 248/1988 með sama heiti.

Umhverfissráðuneytið, 26. júlí 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Hveragerðisbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 294/1987.

1. gr.

62. gr. samþykktarinnar hljóði svo:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð.* Þrjú aðalfulltrúa og þrjú til vara úr hópi bæjarstjórnarmanna sbr. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Skóðunarmenn.* Tvo aðalmenn og jafnmarga til vara sbr. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
3. *Kjörstjórn* við alþingiskosningar. Þrjú aðalmenn og jafnmarga til vara br. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.
4. *Vinnumiðlun.* Þrjú aðalmenn og jafnmarga til vara úr hópi bæjarstjórnarmanna sbr. 9. gr. laga nr. 18/1985 um vinnumiðlun og skulu það vera aðal- og varamenn í bæjarráði á hverjum tíma. Nefndin er auk þess skipuð tveimur öðrum tilnefndum af félögum launþega og hinum úr hópi atvinnurekenda á staðnum.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
2. *Byggingar- og brunamálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjallar um byggingamál sbr. byggingalög nr. 54/1978 og fer með brunamál sbr. 4. gr. laga nr. 41/1992 um brunavarnir og brunamál. Jafnframt er nefndin bæjarstjórn og bæjarráði til ráðgjafar um viðhald eigna og mannvirkja bæjarins.
3. *Félagsmálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með stjórn félagsþjónustu bæjarins sbr. lög nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Málefni aldraðra sbr. lög nr. 82/1989 um málefni aldraðra, jafnréttismái sbr. lög nr. 28/1991

- um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, áfengisvarnir sbr. áfengislög nr. 82/1969 og barnaverndarmál sbr. lög nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna.
4. *Skipulags- og umhverfisnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin fjallar um skipulagsmál sbr. skipulagslög nr. 19/1964, umhverfismál, náttúruvernd sbr. 13. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971, gróðurvernd sbr. 19. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu, búfjárhald sbr. lög nr. 46/1991 um búfjárhald og gerir nefndin tillögu um búfjárefntirlitsmann og annan til vara sbr. 9. gr. laganna. Þá sér nefndin einnig um umferðarmál og ferlimál.
 5. *Heilbrigðisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
 6. *Kjörstjórnir við sveitarstjórnarkosningar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
 7. *Skólanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með málefni grunnskóla sbr. lög nr. 49/1991 um grunnskóla og málefni leikskóla sbr. lög nr. 78/1994 um leikskóla.
 8. *Stjórn bókasafns*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn.
 9. *Stjórn veitustofnana*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Stjórnin fer með málefni hitaveitu, rafveitu og vatnsveitu. Jafnframt er hún ráðgefandi fyrir bæjarstjórn.
 10. *Húsnæðisnefnd*. Þrjú aðalmenn og jafnmarga til vara. Ennfremur tvo aðalmenn og tvo til vara samkvæmt tilnefningu stærstu launþegasambanda í bænum. Nefndin starfar samkvæmt lögum nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins og einnig sér nefndin um húsaleigumál sbr. 76. gr. laga nr. 44/1979 um húsaleigusamninga að fenginni umsögn félagsmálanefndar.
 11. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 68/1994 um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.
 12. *Íþrótt- og æskulýðsnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin hefur umsjón með rekstri íþróttamannvirkja og íþróttastarfsemi og skal vera ráðgefandi fyrir bæjarstjórn á því sviði. Nefndin hefur umsjón með rekstri félagsmiðstöðvar og hún sér um og skipuleggur hátíðarhöld 17. júní ár hvert. Nefndin skal hafa umsjón með félagsstarfi eftir því sem við á og vinna í náinni samvinnu við félagasamtök í bæjarfélaginu.
 13. *Stjórn heilsugæslustöðvar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 21. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.
- Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Hveragerðisbæjar hefur sett, samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. júlí 1994.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.